



## Þingmannatillaga Fjármögnun björgunarviðbúnaðar á norðurslóðum

Aukið eftirlit og aukinn björgunarviðbúnaður á norðurslóðum er aðkallandi verkefni.

Í Stoltenberg-skýrslunni frá 2009 kemur fram að aukin skipaumferð um norðurslóðir feli í sér krefjandi viðfangsefni, meðal annars vegna þess að leitar- og björgunarkerfi á þessu svæði séu mjög takmörkuð. Í skýrslunni er lagt til, í tillögum 3 og 4, að komið verði á norrænu fyrirkomulagi eftirlits og viðvarana á norrænu hafssvæðunum, og að stofnuð verði norræn viðbragðsveit á sjó sem samanstandi af einingum frá strandgæslu og björgunarpjónustu norrænu landanna.

Í samkomulagi aðildarríkja Norðurskautsráðsins um samstarf um leit og björgun á norðurslóðum í lofti og á sjó frá 2011 er kveðið á um í 7. grein að við háaska geti aðilar samkomulagsins óskað aðstoðar annara aðila samkomulagsins og í 9. grein að aðilar samkomulagsins skuli leita samstarfs um atriði tengd leit og björgun.

Norðurlandaráð hefur í málaflokknum beint tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda, annars vegar um eftt norrænt samstarf um samfélagsöryggi, tilmæli 13/2010, og hins vegar um aukið siglingaöryggi og umhverfisvernd á norðurslóðum, tilmæli 18/2011.

Í nefndarálitum umhverfis- og náttúruauðlindanefndar með tilmælum Norðurlandaráðs 18/2011 er meðal annars fjallað um mikinn kostnað sem fylgi því að auka eftirlit og viðbúnað á norðurslóðum. Auknar siglingar auki ekki endilega tekjur þeirra sem annast eftirlit og viðbúnað og því geti verið þörf á að auka alþjóðlegt samstarf og fjármögnun til að tryggja björgunarviðbúnað.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs telur mikilvægt að Norðurlöndin, sem séu 5 af 8 aðildarríkjum Norðurskautsráðsins, starfi saman að fjármögnun aukins eftirlits og björgunarviðbúnar á norðurslóðum. Hún telur einnig

tímabært að Norðurlöndin stigi nú þegar skref í sameiningu til að svo megi verða. Það geti verið erfitt fyrir hvert og eitt land að grípa til aðgerða til að tryggja fjármögnun ef það geti leitt til þess að skipaumferð færðist meira inn í lögsögu hinna landanna.

Norðurlandaráð

Byggt á ofangreindu leggur Íslandsdeild Norðurlandaráðs því til að

**A 1549**

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

Fjallað um í:  
Forsætisnefnd

að norrænir fjármálaráðherrarnir (MR-FINANS) skipi starfshóp til að leita hugsanlegra leiða til fjármögnunar útgjalda við eftirlit, leitar- og björgunarstarf vegna samkomulags aðildarríkja Norðurskautsráðsins um samstarf um leit og björgun á norðurslóðum

Númer skjals 12-00031-11

að ein af þeim leiðum sem starfshópurinn kanni sé að samræma gjaldtöku á skemmtiferðaskip á Norðurlöndum og nota hluta þeirra til að mæta útgjöldunum

að norrænu fjármálaráðherrarnir geri grein fyrir niðurstöðum starfshópsins á Norðurlandaráðsþingi í Helsinki 2012

Ósló 24. janúar 2012

*Álfheiður Ingadóttir (VG)*  
*Árni Þór Sigurðsson (VG)*  
*Bjarni Benediktsson (Sj.)*

*Helgi Hjörvar, formand (A)*  
*Lúðvík Geirsson (A)*  
*Siv Friðleifsdóttir (F)*